

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31. mars 2008 í máli nr. S-117/2008:

Ákærvaldið

(Óli Ingi Ólason fulltrúi)

gegn

X

(Kristján Stefánsson hrl.)

Ár 2008, mánudaginn 31. mars, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dóm húsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í máli nr. S-117/2008: Ákærvaldið gegn X, sem dómtekið var 28. sama mánaðar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu höfðaði málið með ákæru útgefni 29. janúar 2008 á hendur X, pólskum ríkisborgara, [fæddum 1969, ...], Kópavogi, fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðar laga nr. 50/1987 með áorðnum breytingum, með því að hafa, að kvöldi laugardagsins 11. ágúst 2007, ekið bifreiðinni ML-182 undir áhrifum áfengis (2,12% alkóhóls í blóði) og svipt ökurétti, frá heimili sínu, sem leið liggur að Kringlumýrarbraut og þaðan í norður uns bifreiðinni YO-077 var ekið aftan á ML-182, á aðrein frá Kringlumýrarbraut að Bústaðavegi. Auk refsingar er þess krafist að ákærða verði svipt ökurétti samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga með áorðnum breytingum.

Ákærða krefst sýknu.

I.

Að kvöldi laugardagsins 11. ágúst 2007 kl. 22:28 barst tilkynning um árekstur tveggja bifreiða á mótum Kringlumýrarbrautar og Bústaðavegar, á aðrein austan við Bústaðabru. Lögregla var komin á staðinn kl. 22:37. Í frumskýrslu Jóns Péturs Skúlasonar lögreglumanns, sem hann staðfesti fyrir dómi, segir að bifreiðin ML-182 hafi verið við enda aðreinarinnar, um 10 metrum framan við bifreiðina YO-077. Við hægri hlið ML-182 hafi staðið berfætt kona, ákærða í málinu og karl maður í hvítum bol, Slawomir Grzegors Kosek. Þá hafi maður að nafni Sylwester Adamcewicz setið í aftursæti bifreiðarinnar. Í öikumannsæti YO-077 hafi verið Jón Snæbjörnsson og við hlið hans Arnór Snæbjörnsson. Annar farþegi, Kristín Sigurjónsdóttir, hafi verið farin af vettvangi. Fólkinu hafi borið saman um að Jón hefði ekið aftan á ML-182 við biðskyldumerki og að báðar bifreiðar hefðu verið færðar eftir áreksturinn. Ákærða, Slawomir og Sylwester hafi öll verið ölvuð og ekkert þeirra kannast við að hafa ekið ML-182, sem var skráð eign Slawomir, af

gerðinni Nissan Almera. Ákærða hafi verið að leita að skónum sínum og hafi þeir fundist á gólfi við öikumannssæti bifreiðarinnar, en sætið hafi verið stillt eins og ákærða hefði verið undir stýri. Hún hafi þó haldið því fram að Slawomir hefði ekið ML-182 á árekstrarstundu. Slawomir hafi hins vegar bent á ákærðu í þessu sambandi og Sylwester tekið í sama strang. Í skýrslunni segir enn fremur, að Jón og Arnór hafi talið ákærðu hafa ekið ML-182 þá er árekstur varð, en í kjölfar hans hafi Slawomir fært bifreiðina að enda aðreinarinnar. Þá kemur og fram að rætt hafi verið við nefnda Kristínu í síma, hún ekki vitað hver hefði ekið ML-182, en Slawomir stigið fyrstur út og verið afar æstur.

Ákærða, Slawomir og Sylwester voru handtekin og færð á lögreglustöð. Ákærðu var dregið blóð til alkóhólákvörðunar kl. 23:30 og í framhaldi lét hún í té þvagsýni. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna reyndist alkóhólmagn í blóði 2,12‰ og 2,98‰ í þvagi. Í blóði Slawomir mældist alkóhólmagn 1,51‰ og 2,11‰ í þvagi. Ekki nýtur upplýsinga um áfengismagn í blóði og þvagi Sylwester, en öll gistu þau fangageymslu um nóttina og voru færð til yfirheyrslu að morgni sunnudags.

Slawomir greindi frá því í sjálfstæðri frásögn að ákærða hefði hringt kvöldið áður, beðið hann og Sylwester að sækja hana heim í Kópavog og skutla í partí á Sel tjarnarnesi. Að sögn Slawomir hefði hann fallist á þetta, en sagt að þeir myndu ekki aka ML-182, þar sem þeir væru búnir að drekka áfengi. Ákærða hefði því ekið bifreiðinni heiman frá sér, áleiðis í partíið, en þau ekki komist á leiðarenda vegna árekstrarins. Í kjölfar hans hefði ákærði fært bifreiðina einhverja metra, þrátt fyrir að hann væri ölvaður, í því skyni að greiða fyrir umferð. Hlaut ákærði dóm fyrir þá háttsemi 22. febrúar síðastliðinn (mál réttarins nr. S-110/2008).

Sylwester greindi frá því í sjálfstæðri frásögn að hann hefði verið heima hjá Slawomir að Unnarbraut 5 á Seltjarnarnesi þegar ákærða hefði hringt og boðið þeim heim til sín í Kópavogi. Þeir hefðu farið þangað í bifreið Slawomir og hann ekið, þrátt fyrir að hafa verið nokkuð ölvaður sökum bjórdrykkju. Ákærða hefði síðan boðið þeim sterkt áfengi og á einhverju tímabili hefði verið ákveðið að fara út á Seltjarnarnes í partí. Slawomir hefði ætlað að aka, en Sylwester ráðið honum frá því og ákærða þá boðist til að keyra. Það hefði hún gert og Slawomir setið við hlið hennar, en Sylwester verið í aftursæti, allt fram að aftanákeyrslunni við Bústaðaveg. Í kjölfar árekstrarins hefði Slawomir síðan fært bifreiðina eina 20 metra.

Ákærða þrætti fyrir að hafa ekið ML-182 á árekstrarstundu, tók fram að hún væri svipt ökurétti og á meðan myndi hún aldrei hætta á að aka bifreið. Hún kvað Slawomir hafa komið heim til hennar kvöldið áður ásamt einhverjum vini sínum, en þeir hefðu ætlað að sækja hana og bjóða í partí heima hjá Slawomir. Þeir hefðu staldrað við í stutta stund og ekkert þeirra neytt áfengis, en áður hefði hún verið búin að drekka um það bil hálfu flösku af Captain Morgan og verið talsvert drukkin þegar lagt hefði verið af stað í partíið. Slawomir hefði ekið, ákærða verið við hlið hans og Sylwester í aftursæti, allt fram að árekstrinum. Í kjölfar hans hefði ákærða stigið út, farið að hinni bifreiðinni og beðið einhverja konu að hringja í lögreglu. Aðspurð kunni ákærða ekki skýringu á því af hverju skór hennar hefðu fundist á gólfi við öikumannssæti ML-182, árétaði sakleysi sitt þrátt fyrir frásögn annarra á vettvangi og tók fram að Slawomir og Sylwester væru vinir og því reyndu þeir að skella skuldinni á hana.

Næst gerðist það í málinu að lögregla tók svokallaðar símaskýrslur af nefndum Jóni (24. ágúst), Kristínu (4. september) og Arnóri (17. september) og reit jafn margar upplýsingaskýrslur um efni samtalanna. Á að vera haft eftir Jóni, að hann teldi ökumann ML-182 hafa verið konu, þá er árekstur varð, en treysti sér ekki til að fullyrða um þetta atriði, eftir Kristínu að hún hafi ekki séð hver hefði ekið ML-182, en kona hafi stigið út úr bifreiðinni vinstra megin og eftir Arnóri, að maður í hvítum bol hafi stigið út hægra megin eftir áreksturinn og kona vinstra megin. Hann gæti þó ekki fullyrt að konan hafi verið ökumaður, en fyndist það líklegast.

II.

Fyrir dómi bar ákærðu, Slawomir og Sylwester saman um að þeir síðarnefndu hefðu farið heim til ákærðu umrætt kvöld í bifreið Slawomir, hann ekið þangað og þeir ætlað að sækja ákærðu og skutla henni í partí heima hjá Slawomir að Unnarbraut 5. Enn fremur, að þeir hefðu staldrað við hjá ákærðu í 10-15 mínútur áður en lagt hefði verið af stað frá [...]. Skilur síðan leiðir í frásögn ákærðu annars vegar og vinanna tveggja hins vegar. Ákærða kvaðst sem fyrr hafa verið ölvuð, sagðist ekki hafa boðið mönnunum upp á áfengi og staðhæfði að Slawomir hefði sest undir stýri ML-182, hún verið við hlið hans og Sylwester í aftursæti þegar þau hefðu ekið frá heimili hennar. Á þessu hefði ekki orðið breyting fram að árekstrinum við Bústaðaveg. Ákærða kunni ekki skýringu á því af hverju skór hennar hefðu fundist á gólfi fyrir framan ökumannssæti, en tók fram að hún hefði farið úr þeim eftir áreksturinn og Slawomir beðið hana að ræða við fólkið í hinni bifreiðinni og biðja það að hringja ekki í lögreglu. Slawomir hefði síðan fylgt á eftir. Ákærða kvað rangt að hún hefði í því sambandi sagt fókinu að hún væri svipt ökurétti. Hún gat sér til að Slawomir hefði verið hræddur um að missa ökuréttindi og því hefðu hann og vinur hans reynt að koma sök á hana. Hún kvaðst þekkja Slawomir og hafa hjálpað honum við flutning til Íslands, en hún og eiginkona hans hefðu verið vinkonur fram til þess að mál þetta reis. Aðspurð kvaðst ákærða ekki minnast þess að hafa verið með bjórflösku í hendi á vettvangi, en sagði það geta verið rétt.

Slawomir Grzegors Kosek og Sylwester Adamcewicz bar saman um að þeir hefðu þegið 2-3 staup af sterku áfengi heima hjá ákærðu, að hún hefði ekki neytt áfengis í þeirra viðurvist og þeir ekki greint að hún væri með áfengisáhrifum. Slawomir bar og að ákærða hefði boðist til að aka bifreiðinni heim til hans. Báðir báru þeir að ákærða hefði ekið frá [...], að Slawomir hefði setið við hlið hennar, að Sylwester hefði setið í aftursæti og að bifreið hefði verið ekið aftan á ML-182 meðan ákærða hefði setið undir stýri. Slawomir bar að hann hefði stigið út eftir áreksturinn, íklæddur hvítum bol, farið að hinni bifreiðinni og sagt: „Af hverju gerðuð þið þetta?“ Í framhaldi hefði hann fært ML-182 úr stað til að greiða fyrir umferð annarra ökutækja. Fram kom í máli Slawomir að ákærða hefði drukkið bjór undir stýri og eftir áreksturinn og lögregla tekið af henni bjórinn. Sylwester bar að hann hefði setið kyrr í aftursæti eftir áreksturinn, en Slawomir snarast út, hann verið fremur stressaður og ákærða fylgt á eftir. Fólkið í hinni bifreiðinni hefði síðan hringt í lögreglu og í kjölfarið hefði Sylwester stigið út. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli hvort ákærða hefði neytt áfengis meðan á akstri stóð og bar að Slawomir hefði ef til vill verið búinn að drekka einn bjór áður en þeir hefðu farið heim til ákærðu.

Jón Snæbjörnsson bar að hann hefði ekið bifreiðinni YO-077 aftan á ML-182 á aðreininni frá Kringlumýrarbraut að Bústaðavegi í austur og hún kastast 4-5 metra áfram við áreksturinn. Í framhaldi hefði karlmaður, íklæddur hvítum bol, snarast út, líklega hægra megin frá sjónarhóli Jóns, sá komið hægra megin að bifreið hans og kallað eitthvað, æstur í bragði. Jón kvað athygli sína hafa beinst að þessum tiltekna manni og því hefði hann ekki veitt því eftirtekt hvaðan hin tvö, sem í bifreiðinni voru, hefðu komið, en viðkomandi karlmaður og kona hefðu komið að bifreið hans skömmu síðar. Fólkið hefði beðið sérstaklega um að lögregla yrði ekki kvödd á staðinn, en Jón og félagar hans hringt í hana engu síður. Jón kvaðst ekki muna hvort fólkið hefði neytt áfengis á vettvangi, áréttaði að hann hefði ekki séð hver hefði ekið bifreiðinni ML-182, en sér hefði fundist háttalag konunnar benda til þess að hún hefði verið við stýrið, enda hefði konan ekki viljað fá lögreglu á staðinn. Jón kvað manninn í hvíta bolnum hafa fært ML-182 áður en lögregla kom á vettvang.

Arnór Snæbjörnsson bar að hann hefði setið við hlið Jóns á árekstrarstundu, litið upp í sömu andrá og séð þrjá einstaklinga í bifreiðinni ML-182. Í aftursæti hefði setið sköllóttur maður, sem hefði horft til þeirra á miður vingjarnlegan hátt, sá hinn sami í kjölfarið snarast út, íklæddur hvítum bol og sagt eitthvað við Arnór og samferðafólk hans, en í framhaldi hefðu kona og maður komið út úr ML-182. Arnór kvaðst ekki hafa séð hvaðan þau stigu út, en af viðbrögðum konunnar, sem hefði sagst hafa verið svipt ökurétti áður, hefði hann dregið þá ályktun að hún hefði setið undir stýri við áreksturinn. Arnór kvaðst ekki muna hvoru megin sköllótti maðurinn hefði stigið út, en sá hefði í framhaldi fært bifreiðina ML-182. Arnór kvaðst ekki hafa séð áfengi í fórum þessa fólks eftir áreksturinn.

Kristín Sigurjónsdóttir bar að hún hefði setið í aftursæti YO-077 á árekstrarstundu. Í kjölfarið hefði maður, íklæddur hvítum bol, snarast út úr ML-182, líklega úr framsæti við hlið ökumanns, hann komið að YO-077 hægra megin frá sjónarhóli Kristínar og verið mjög æstur. Hún kvaðst þó ekki vita hvaðan maðurinn hefði stigið út, en í framhaldi hefðu tveir aðrir, maður og kona, komið að YO-077 og konan haldið á bjórflösku. Sökum æsings í þeim fyrstnefnda hefði Kristín ekki tekið eftir hvaðan hitt fólkið steig út. Maðurinn í hvíta bolnum hefði síðan fært ML-182 og beðið um að ekki yrði hringt í lögreglu. Konan hefði einnig verið æst og pirruð og Kristín dregið þá ályktun að sú hefði verið við stjórn ML-182.

Fyrir dóminn komu einnig lögreglumennirnir Jón Pétur Skúlason, Gísli Jökull Gíslason og Linda Björk Þórðardóttir. Er ekki efni til að rekja vitnisburð þeirra að öðru leyti en því, að öll báru að ákærða hefði verið berfætt þegar lögregla kom á staðinn, að Jón Pétur bar að báðar bifreiðar hefðu snúið í norðaustur, eins og leið lá að Borgarspítala og að Gísli Jökull kvaðst hafa fundið skó ákærðu á gólfi fyrir framan ökumannssæti ML-182 og bar að sætið hefði verið stillt mjög frammarlega.

III.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skulu röksemdir dómara lúta að því hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-48. gr. laganna. Í því sambandi ber að meta skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærðu, bæði um atriði er varða sekt hennar og önnur, sem telja má henni í óhag. Sönnunarbyrði hvílir á ákærvaldinu, sbr. 45.

gr., en sönnunarmat dómara er frjálst, þó þannig að dómur skal fyrst og fremst reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Af rannsóknargögnum málsins er nærtækt að ætla að ákærða hafi ekið bifreiðinni ML-182 þá er bifreiðinni YO-077 var ekið aftan á hana umrætt kvöld. Í því sambandi má fyrst nefna, að í frumskýrslu segir að ákærða hafi verið að leita að skónum sínum, að þeir hafi fundist á gólfi við ökumannssæti ML-182 og að sætið hafi verið stillt eins og ákærða hefði verið undir stýri. Hafi ákærða ekið bifreiðinni og skilið skóna eftir á greindum stað má spyrja á móti, hví hún hafi þurft að leita að þeim. Einnig má spyrja hvort sætastillingin hafi eitthvert sönnunargildi, ákærðu í óhag, þegar einsætt er að vitnið Slawomir Grzegors Kosek ók bifreiðinni eftir áreksturinn og áður en lögregla kom á vettvang. Í ljósi þeirrar staðreyndar er ekki unnt að hafna málsvörn ákærðu að Slawomir hafi stillt sætið í samræmi við eigin líkamsstærð. Þá liggur ekki annað fyrir en að ákærða hafi klætt sig úr skónum strax í kjölfar árekstrarins. Er því ekki skotið loku fyrir að einhver hafi fært skóna úr stað eftir áreksturinn, þótt slík ályktun teljist fremur hæpin. Það gæti engu síður skýrt af hverju ákærða hafi ekki fundið skóna.

Í öðru lagi má benda á, að í frumskýrslunni er haft eftir vitnunum Jóni og Arnóri Snæbjörnssonum að þeir hafi talið konu hafa ekið ML-182 þá er árekstur varð. Í símaskýrslum lögreglu á að vera haft eftir bræðrunum, sem og vitninu Kristínu Sigurjónsdóttur, að þau hafi talið konu vera ökumann ML-182 þegar árekstur varð, en að sögn Arnórs og Kristínar hefði konan stigið út úr bifreiðinni ökumanns megin. Umrædd ályktun styður þannig þá ályktun að ákærða hafi ekið bifreiðinni á árekstrarstundu. Fyrir dómi báru sömu vitni hins vegar með skýrum hætti að þau hefðu ekki séð hver var ökumaður ML-182 þegar óhappið varð. Hugleiðingar vitnanna og ályktanir sem þau drógu um sekt ákærðu vegna háttalags, viðbragða eða skapferlis á vettvangi hafa ekkert sönnunargildi, sbr. 45. og 47. gr. laga um meðferð opinberra mála, enda ljóst af dómsvætti vitnanna að ekkert þeirra sá hvaðan ákærða steig út úr ML-182, að Jón og Kristín voru ekki viss hvaðan Slawomir steig út og að Arnór staðhæfði að Slawomir hafi setið í aftursæti við áreksturinn, þvert ofan í samhljóða frásögn Slawomir, ákærðu og vitnisins Sylwester Adamcewicz um að Sylwester hafi verið í aftursætinu.

Þegar þess er gætt að vitnin Jón, Arnór og Kristín hvorki sáu ákærðu aka ML-182 né sáu þau hana stíga út úr ökumannssæti bifreiðarinnar verður sönnun um sekt ákærðu ekki reist á vitnisburði þeirra fyrir dómi, sbr. 45.-46. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Þá komu lögreglumennirnir Jón Pétur Skúlason, Gísli Jökull Gíslason og Linda Björk Þórðardóttir ekki á staðinn fyrr en ríflega níu mínútum eftir áreksturinn og voru því ekki sjónarvottar að þeirri atburðarás, sem hér skiptir höfuð máli. Verður sönnun um sekt ákærðu því ekki reist á vitnisburði þeirra, nema eftir atvikum að því marki sem skófundurinn gefur vísbendingu um sök, sbr. 47. gr. tæðra laga, en ákærða hefur ekki andmælt því að skórnir hafi fundist á gólfi fyrir framan ökumannssæti og má því leggja þann vitnisburð Gísla Jökuls til grundvallar í málinu.

Ákærða hefur neitað sök frá upphafi, fyrst á vettvangi, næst við yfirheyrslu hjá lögreglu og loks fyrir dómi og hún einatt borið að Slawomir hafi verið undir stýri ML-182 við áreksturinn. Í ljósi þessa og annars, sem rakið er að framan, er einsætt að úrslit málsins velta á mati á trúverðugleika framburðar ákærðu annars vegar og

vitnisburði Slawomir og Sylwester hins vegar. Eitt eru þau sammála um og það er að Slawomir og Sylwester hafi staldrað við heima hjá ákærðu í 10-15 mínútur umrætt kvöld áður en lagt var upp í hina örlagaríku ökuferð. Tilkynnt var um áreksturinn kl. 22:28 og má því ætla að þeir hafi komið til hennar laust eftir kl. 22.

Ákærða hefur verið samkvæm sjálfri sér og borið hjá lögreglu og fyrir dómi að mennirnir hafi komið heim til hennar í þeim tilgangi að sækja hana og bjóða í partí heima hjá Slawomir. Hún hafi verið ölvuð þegar þeir komu, þau ekki neytt áfengis á heimili hennar og Slawomir ekið þaðan. Slawomir gat þess ekki berum orðum hjá lögreglu að hann hefði neytt áfengis heima hjá ákærðu, en fyrir dómi kvaðst hann hafa drukkið þar þrjú staup af sterku áfengi. Sá vitnisburður fær tæplega samrýmst niðurstöðum rannsókna á blóð- og þvagsýnum, en samkvæmt þeim reyndist alkóhólmagn í blóði hans, rúmri klukkustund eftir áreksturinn, 1,51‰ og 2,11‰ í þvagi. Mætti því ætla að hann hafi verið með áfengisáhrifum þegar hann ók heim til ákærðu laust eftir kl. 22 um kvöldið. Sylwester tjáði lögreglu að Slawomir hefði verið nokkuð ölvaður þegar hann ók heim til ákærðu. Fyrir dómi bar hann hins vegar að Slawomir hefði verið allsgáður, þótt hann hefði áður ef til vill verið búinn að drekka einn bjór. Er Sylwester þannig tvísaga um áfengisneyslu vinar síns. Þá skýtur skökku við sú frásögn hans hjá lögreglu að hann hafi ráðlagt Slawomir að aka ekki bifreiðinni heiman frá ákærðu, um 10-15 mínútum eftir komu, þegar hann hafði þó áður verið farþegi í sömu bifreið og sagt Slawomir hafa verið ölvaðan við aksturinn. Hvorugur mannanna gat þess hjá lögreglu að ákærða hefði hafið bindindi eftir að þeir komu til hennar, en ákærða hefur verið stöðug í þeim framburði að hún hafi verið búin að drekka um það bil hálfu flösku af rommi og verið ölvuð. Er ekkert haldbært fram komið, sem hnekkir þeim framburði, en niðurstöður alkóhólrannsókna á blóð- og þvagsýnum úr ákærðu styðja hann. Verður sá framburður því lagður til grundvallar í málinu. Fyrir dómi bar svo við að Slawomir og Sylwester voru einhuga um að ákærða hefði boðið þeim upp á drykk, en ekki neytt áfengis sjálf. Er þetta fremur ósennilegt í ljósi fyrri áfengisneyslu ákærðu. Miðað við ætlað ölvunarástand hennar er einnig ótrúlegt að hún hafi boðist til að aka bifreið Slawomir þegar þau fóru heiman frá henni, þótt slíkt sé ekki útilokað. Hafi svo verið liggur ekki í augum uppi af hverju Slawomir færði bifreiðina úr stað, ölvaður, eftir áreksturinn, en eðlilegra hefði verið að skipa ákærðu að gera það, hafi hún á annað borð setið undir stýri við áreksturinn.

Þegar öll framangreind atriði eru virt heildstætt og sérstaklega er litið til þess að ákærða hefur staðfastlega neitað sök og ávallt borið á sama veg um öll helstu málsatvik, þess að ekki nýtur annarra vitna að akstri ML-182 við áreksturinn en Slawomir og Sylwester, þess að þeir eru góðir vinir, þess að Slawomir er eigandi bifreiðarinnar og ók henni bæði fyrir og eftir áreksturinn, þess að Sylwester hefur án efa verið tvísaga um áfengisneyslu vinar síns fyrr um kvöldið og loks þess að með nokkrum ólíkindum er að ákærða hafi boðið mönnunum áfengi á heimili sínu, án þess að neyta þess sjálf og skömmu síðar boðist til að aka bifreiðinni, kófdrukkin samkvæmt 2,12‰ alkóhólmagni í blóði kl. 23:30 um kvöldið, þykir skynsamlegur vafi leika á því að ákærða hafi verið við stjórn ML-182 þá er árekstur varð við bifreiðina YO-077. Ber því að sýkna ákærðu af þeirri háttsemi, sem henni er gefin að sök í ákæru.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að fella allan sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin

málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærðu fyrir dómi. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til fjölda þinghaldna og tvískiptrar aðalmeðferðar þykja þau laun hæfilega ákveðin 210.405 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Óli Ingi Ólason fulltrúi lögreglustjóra sótti málið af hálfu ákærvaldsins.

DÓMSORÐ:

Ákærða, X, er sýkn sakar.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 210.405 króna málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns.

Jónas Jóhannsson

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu Héraðsdóms Reykjavíkur, 31. mars 2008.